



FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Fjárlaga- og áætlanagerð *ríkissjóðs*

Desember



Janúar

Febrúar



Mars



Apríl

Maí




Júní

Júlí



Ágúst

September



Október

Nóvember



Desember

Ferli stefnumörkunar og fjárlagagerðar

Lög um opinber fjármál nr. 123/2015 tóku gildi 1. janúar 2016. Markmið laganna er að stuðla að ábyrgri stjórn opinberra fjármála á grunni vandaðrar áætlanagerðar, gegnsæis og festu.

Samkvæmt lögnum mynda þrjár áætlanir grunnstoðir fjárlagaferlis ríkisins og stefnumörkunar í opinberum fjármálum. Hér er um að ræða fjármálastefnu, fjármálaáætlun (hér eftir nefnd voráætlun) og fjárlög.

Fjármálastefna er lögð fram í upphafi kjörtímabils og felur í sér almenn markmið um þróun fjármála ríkis og sveitarfélaga næstu fimm ár.

Voráætlun dýpkar nánar markmið fjármálastefnu og greinir hvernig þeim verði náð frá ári til árs. Markmið voráætlunar leggja grunn að forsendum hagstjórnar, s.s. tekjuöflun ríkisins, stuðning við heimili og umfang fjárfestinga.

Fjárlagafrumvarp skal ávallt byggja á forsendum voráætlunar og samþykkt þess felur í sér endanlega ákvörðun Alþingis um tekjur ríkisins og gjöld á næsta fjárlagaári.

Í voráætlun eru sýnd framlög til starfsemi ríkisins innan 34 málefnasviða til næstu fimm ára. Hvert málefnasvið nær yfir tiltekin verkefni, s.s. starfsemi dómstóla og háskóla. Þar er lagður grunnur að skýrri forgangsröðun útgjalda og markvissum undirbúningi aðgerða.

Fjárlagafrumvarp varðar eingöngu fjármál ríkisins. Um fjármál og starfsemi sveitarfélaga gilda sérstök lög nr. 138/2011.

Fjárlagafrumvarp er til eins fjárlagaárs í senn, en fjárhagsár ríkisins er hið sama og almanaksárið. Þar er fjallað ítarlega um tekjur og gjöld ríkisins og þróun skulda og eigna. Sýnd er áætlun um tekjuöflun ríkisins á komandi fjárlagaári, fyrirhuguð útgjöld eftir málefnasviðum og

málaflokkum og fjallað um áhrif tillagna frumvarpsins á þróun efnahagsmála.

Fjárlagafrumvarpið tilgreinir sömu málefnasvið og koma fram í voráætlun. Þetta er mikilvægt því samræmi skal vera milli útgjalda fjárlagafrumvarps og gildandi voráætlunar. Fjárlagafrumvarpið greinir sig þó frá voráætlun að því leyti að í frumvarpinu er sýnd skipting útgjalda málefnasviða milli málaflokka, sem eru u.þ.b. eitt hundrað talsins. Málaflokkar sundurgreina nánar viðfangsefni málefnasviða.

Ákvarðanir Alþingis um útgjöld til málefnasviða og málaflokka fela í sér svokallaðar fjárheimildir. Í fjárheimild felst samþykki Alþingis um að tilteknu skattfé megi ráðstafa til starfsemi og verkefna málefnasviðs og málaflokka þess.

Á grunni fjárheimilda tekur hver ráðherra ákvörðun um ráðstöfun fjárveitinga til einstakra stofnana og verkefna. Skipting fjárveitinga skal byggjast á markmiðum og áherslum ráðherra fyrir þá málaflokka sem hann ber ábyrgð á.

Fjárveitingar til stofnana og verkefna koma fram í sérstöku fylgiriti með fjárlagafrumvarpi og fjárlögum. Þær sýna með hvaða hætti framkvæmd einstakra verkefna skuli hagað, svo sem á vegum stofnana.

Voráætlun og fjárlagafrumvarp eru afrakstur af löngu samráðsferli innan stjórnkerfisins þar sem fjármála- og efnahagsráðuneyti, önnur ráðuneyti, ríkisstofnanir, sveitarfélög og ýmsir hagsmunaaðilar koma við sögu. Megintilgangur þessa samráðs er að tryggja skýr markmið, gegnsæi og stuðla að festu um fjármál þjóðarinnar. Alþingi á svo lokaorðið um að hvaða markmiðum skuli stefnt um forgangsröðun, fjármál og þjónustu í starfsemi ríkisins.


Áður en fjárhagsárið hefst...

Mótun voráætlunar hefst rúmu ári áður en hún tekur gildi. Ferlið byrjar á því að stjórnvöld hefja undirbúning að gerð næstu voráætlunar síðla hausts. Lögð er lokahönd á efni áætlunarinnar eftir áramót og hún er svo lögð fram á Alþingi fyrir 1. apríl. Áætlunin tekur svo gildi 1. janúar næsta ár.

Fyrsta skrefið við mótun voráætlunar er greining og mat fjármála- og efnahagsráðuneytis á horfum í

efnahagsmálum á komandi árum. Þar er stuðst við efnahagsspá Hagstofu Íslands og spár annarra fagaðila.

Mat á efnahagshorfum, þ.e. hagvexti, verðlagi, vinnumarkaði, vaxtastigi og gengi, liggur til grundvallar markmiðum um hagstjórn og þróun tekna og gjalda ríkis og sveitarfélaga. Breytt mat á þessum þáttum getur kallað á ný eða endurskoðuð markmið til að vinna að jafnvægi og stöðugleika í efnahagsmálum.



Hagtölur og þjóðhagsspár

Þjóðhagsspár Hagstofu Íslands og eftir atvikum annarra aðila eru lagðar til grundvallar við mótun efnahagsstefnu næstu ára.

Ríkisstjórn

Fjármála- og efnahagsráðuneytið kynnir ríkisstjórn spár um þróun efnahagsmála og verk- og tímaáætlun við gerð næstu voráætlunar og annarra þátta í fjárlagaferli ríkisins. Ríkisstjórnin skilgreinir grunnforsendur og önnur viðmið sem ganga skal út frá við gerð voráætlunar.

Ráðuneyti og ríkisstofnanir

Ráðuneytin fjalla um og staðfesta þriggja ára áætlanir eigin stofnana. Þá staðfesta þau ársáætlanir (rekstraráætlanir) stofnana fyrir næsta fjárlagaár á grunni fjárlaga, sem Alþingi samþykkir í desember ár hvert.

Desember

Viðræður ríkis og sveitarfélaga fara fram um næstu voráætlun og forsendur hennar, s.s. markmið um afkomu og efnahag ríkis og sveitarfélaga, verkaskiptingu, framlög ríkisins til verkefna sveitarfélaga og aðra þætti. Sérstakar nefndir með fulltrúum ríkis og sveitarfélaga fjalla um þessi viðfangsefni.



Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Fjármála- og efnahagsráðuneytið greinir áfram þjóðhagsspár og metur áhrif þeirra við mótun voráætlunar. Sviðsmyndir eru dregnar upp og þær kynntar fyrir sveitarfélögum. Áhersla er lögð á áhrif þjóðhagsforsendna á heildarmynd opinberra fjármála, s.s. heildarútgjöld ríkis og sveitarfélaga, þróun tekna og efnahags.

Ríkisstjórn

Ríkisstjórn og ýmsar nefndir á vegum stjórnvalda fjalla um greiningu fjármála- og efnahagsráðuneytis á þjóðhagsforsendum og efnahagsstefnu voráætlunar.

Ríkisstjórn fjallar um hagstjórnarleg markmið voráætlunar, s.s. um heildarafkomu ríkis og sveitarfélaga, tekjur, útgjöld og þróun efnahags. Þær tillögur eru því næst kynntar sveitarfélögum.



Janúar

Sveitarfélög meta áhrif þjóðhagsforsendna á starfsemi sína og áætlanir. Þá fara fram viðræður á milli ríkis og sveitarfélaga um horfur og þróun í þjóðarbúskapnum sem ætlað er að leiða til sameiginlegs skilnings á stöðu efnahagsmála, þróun næstu ára og æskilegra hagstjórnarmarkmiða.

Í lok janúar kynnir fjármála- og efnahagsráðuneytið öðrum ráðuneytum verkáætlun við gerð voráætlunar, áherslur ríkisstjórnar við hagstjórn, markmið um afkomu og efnahag ríkis og sveitarfélaga, ráðstafanir sem grípa þarf til vegna útgjaldamarkmiða og forsendur fjárlagagerðar.

Ráðuneyti yfirfara stefnur og áætlanir um útgjöld og þróun á hverju málefnasviði. Við þá greiningu er ýmist byggt á óbreyttum forsendum frá fyrra ári (grunn-dæmi), tekið tillit til nýrra verkefna eða áherslna, eða aðrar forsendur lagðar til grundvallar, s.s. vegna lýðfræðilegra breytinga eða óvissu af ýmsum toga.

Stofnanir fá upplýsingar og leiðsögn frá hverju ráðuneyti um helstu forsendur og viðmið fyrir áætlunargerð sína. Stofnanir miðla á sama hátt ýmsum upplýsingum til ráðuneyta sem gagnast við stefnumótun þeirra.

Stjórnvöld

Stjórnvöld greina nánar áhrif þjóðhagsforsendna á afkomumarkmið ríkis og sveitarfélaga (sviðsmyndir) og samræmi við tekju- og útgjaldastefnu ríkisins.

Ráðuneyti leggja lokahönd á forsendur stefna og áætla fyrir málefna svið.


Fjármála- og efnahagsráðuneytið veitir ráðuneytum upplýsingar og aðstoð við áætlunargerð, við undirbúning voráætlunar og við mótun fjárlagafrumvarps.

Samráðsnefndir ríkis og sveitarfélaga vinna að gerð samkomulags um samstarf og afkomu hins opinbera (ríkis og sveitarfélaga).

Ríkisstjórn

Á grunni markmiða um hagstjórn og þróun afkomu og efnahags ríkis og sveitarfélaga tekur ríkisstjórnin ákvörðun um heildarútgjöld ríkisins næstu fimm ár og skiptingu útgjalda ríkisins til málefna sviða.

Þessi skipting útgjalda byggir á forgangsroðun stjórnvalda hverju sinni.



Febrúar



Við mótun efnahags- og fjármálamarkmiða voráætlunar geta stjórnvöld haft margþætt áhrif á eftirspurn og framleiðslu hagkerfisins. Fjárfestingastefna, sem felur í sér aukna uppbyggingu innviða samfélagsins hefur t.d. áhrif á eftirspurn eftir vinnuafli og þróun launa. Af þessum sökum er mikilvægt að greina fyrir sjáanleg áhrif af efnahags- og fjármálamarkmiðum ríkis og sveitarfélaga til að stuðla að **efnahagslegum stöðugleika**.

Við mat á úrræðum til að ná skilgreindum markmiðum eru settar fram ólíkar sviðsmyndir, m.a. um þróun heildarafkomu ríkis og sveitarfélaga. Þessar sviðsmyndir sýna t.a.m. líkleg áhrif þess ef öllum áformum ríkis og sveitarfélaga um framkvæmdir og uppbyggingu yrði fylgt eftir.

Samkomulag við sveitarfélög

Við mótun voráætlunar er gert ráð fyrir að fjármála- og efnahagsráðherra leiti samkomulags við Samband íslenskra sveitarfélaga, fyrir hönd sveitarfélaga, um markmið um afkomu og efnahags sveitarfélaga næstu fimm ár, um ráðstafanir til að tryggja að afkomumarkmið sveitarfélaga náist og um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þetta er liður í því að tryggja festu og áreiðanleika áætlana um þróun opinberra fjármála og samhæfða hagstjórn.

Grunngildi voráætlunar

Kveða á um að stefnumörkun í opinberum fjármálum skuli byggð á sjálfbærni, gegnsæi, festu, varfærni og stöðugleika. Þessum gildum er ætlað að vera leiðarljós allra ákvarðana Alþingis og stjórnvalda um þróun fjármála þjóðarinnar.

Fjármálareglur

Segja til um töluleg viðmið um fjármál ríkis og sveitarfélaga. Þessi viðmið varða m.a. hámark skulda, heildarjöfnuði milli ára á ætlunartíma og hvernig skuldir beri að greiða niður séu þær yfir lögákveðnu marki.

Ráðuneytin miðla í upphafi árs upplýsingum til fjármála- og efnahagsráðuneytis um fyrirbyggjandi skuldbindingar og áform vegna nýrra áherslna. Annars vegar er um að ræða svokölluð grunndæmi, sem veita upplýsingar um útgjaldaskuldbindingar á grunni gildandi laga og ákvarðana sem þegar hafa verið teknar. Hins vegar er um að ræða ný áform og nýjar áherslur, m.a. vegna fjárfestinga og annarra verkefna sem áformað er að ráðast í innan einstakra málefna sviða.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið metur og samræmir upplýsingar frá öllum ráðuneytum og greinir sérstaklega breytingar frá fyrri ákvörðunum ráðuneyta um útgjöld til málefna sviða eða málaflokka. Þessar upplýsingar eru mikilvægar til að tryggja samræmi og **skýrleika markmiða**, enda er byggt á þeim við lokaákvörðun um efni voráætlunar.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið metur á grunni allra upplýsinga um útgjöld og verkefni ríkisins hvort áætlaðar tekjur ríkisins og útgjöld samrýmast markmiðum efnahagsstefnu næstu ár. Ef svo er ekki, er hafist handa við að móta tillögur um breytingar eða nýjar áherslur s.s. um forgangsroðun útgjalda.

Ríkisstjórn

Ríkisstjórn hefur nú staðfest markmið voráætlunar um heildarafkomu ríkis og sveitarfélaga, þ.m.t. tekjuöflun, skuldaþróun, skiptingu útgjalda til málefnasviða og forsendur næsta fjárlagafrumvarps

Voráætlun er lögð fyrir Alþingi eigi síðar en 1. apríl ár hvert.

Alþingi

Alþingi fjallar um þingsályktun um voráætlun til næstu fimm ára.

Nefndir Alþingis fjalla um afmörkuð viðfangsefni áætlunarinnar.

Mars



Apríl

Samráðsnefndir um fjármál ríkis og sveitarfélaga

Samráðsnefndir ríkis og sveitarfélaga gegna mikilvægum hlutverkum við mótun efnahagsstefnu á hverjum tíma, við undirbúning voráætlunar og við mótun fjárlagafrumvarps. Fundir þessara nefnda fara einkum fram á fyrsta fjórðungi hvers árs.

Fyrir 1. apríl ár hvert ber fjármála- og efnahagsráðherra að leggja fram voráætlun á Alþingi. Áætlunin er lögð fram í formi þingsályktunar og skal ræða hana við tvær umræður. Hún felur í sér tillögur og megináherslur ríkisstjórnarinnar við hagstjórn og fjárhagslega stefnumörkun hins opinbera (ríkis og sveitarfélaga) fyrir næstu fimm ár.

Eftir að voráætlun hefur verið lögð fram á Alþingi vinna ráðuneyti áfram að greiningu og öflun upplýsinga við undirbúning að gerð fjárlagafrumvarps.

Í fjárlagafrumvarpi er byggt á þeim römmum útgjalda til málefnasviða sem fram koma í voráætlun.

Málefnasvið

Eftir að ákvörðun um heildarútgjöld ríkis og sveitarfélaga liggur fyrir þarf ríkisstjórnin að ákveða skiptingu útgjalda ríkisins milli 34 málefnasviða í samræmi við forgangsröðun stjórnvalda. Málefnasvið sundurgreina starfsemi ríkisins og útgjöld á grunni eðlislikra verkefna. Starfsemi framhaldsskóla og háskóla, umhverfismál og sjúkrahúsþjónusta eru dæmi um einstök málefnasvið.

Stefnumótun

Hver ráðherra setur fram stefnu fyrir þau málefnasvið sem hann ber ábyrgð á, til a.m.k. fimm ára. Í stefnunni skal lýsa áherslum og markmiðum fyrir þá starfsemi sem fellur undir viðkomandi málefnasvið.



Alþingi

Alþingi fjallar áfram um forsendur og markmið voráætlunar, m.a. þróun afkomu og skulda ríkisins, útgjöld einstakra málefna sviða og forgangsröðun.

Þá er á Alþingi fjallað um frumvarp til staðfestingar á ríkisreikningi. Í greinargerð með frumvarpinu er m.a. fjallað um niðurstöðutölur reikningsins og gerð grein fyrir frávikum tekna, útgjalda og lánamála frá samþykktum heimildum Alþingis.

Alþingi samþykkir þingsályktun um voráætlun til næstu fimm ára, ýmist með eða án breytinga. Um sama leyti samþykkir Alþingi frumvarp til staðfestingar á niðurstöðum ríkisreiknings fyrir síðasta fjárlagaár.

Stjórnvöld

Undirbúningur að gerð fjárlagafrumvarps heldur áfram innan ráðuneyta og stofnana.

Ríkisendurskoðun

Ríkisendurskoðun kynnir niðurstöður fjárhagsendurskoðunar.

Ráðuneyti


Ráðuneyti ákveða og leggja fram endanlegar tillögur um fjárveitingar til stofnana og verkefna.

Ársskýrslur ráðherra fyrir síðasta ár eru birtar. Í þeim er fjallað um árangur af starfsemi innan málefna sviða og málaflokka, um fjárveitingar til einstakra stofnana og verkefna, og ávinning af ráðstöfun þeirra með tilliti til settra markmiða.

Stjórnvöld

Ríkisreikningur fyrir síðasta fjárlagaár er birtur í maí/júní. Þar er sýnd niðurstaða útgjalda og tekna, auk yfirlits um stöðu eigna og skulda ríkisins.

Maí



Júní

Eftir að fjármála- og efnahagsráðherra hefur lagt fram voráætlun á Alþingi halda ráðuneyti áfram að meta nauðsynlegar aðgerðir og ráðstafanir innan málefna sviða. Í þessu felst að meta nánar forgangsröðun og umfang verkefna á næsta fjárlagaári, greina möguleika til hagræðingar og leggja endanlegt mat á tímasetningu aðgerða.

Endanlegar tillögur og áætlanir ráðuneyta um forgangsröðun og ráðstöfun útgjalda milli einstakra málaflokka liggja fyrir í lok maí. Ákvörðun um útgjöld til málaflokka byggir á áherslum og forgangsröðun hlutaðeigandi ráðherra. Á þeim forsendum móta ráðuneyti tillögur um ráðstöfun fjárveitinga til stofnana og verkefna.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið yfirfer og samræmir framsetningu tillagna ráðuneyta um ráðstöfun fjárheimilda milli málaflokka.

Ríkisendurskoðun


Ríkisendurskoðun heyrir undir Alþingi. Stofnunin skal upplýsa Alþingi og stjórnvöld um málefni sem varða rekstur og fjárreiður ríkisins, leiða í ljós frávik frá lögum og reglum á því sviði og gera tillögur að úrbótum, bættri stjórnsýslu, skýrari ábyrgð og betri nýtingu á skattfé almennings.

Hin árlega fjárhagsendurskoðun Ríkisendurskoðunar beinist að því að greina hvort reikningskil ríkisins gefi glögga mynd af rekstri og efnahag, hvernig innra eftirliti stofnana og fyrirtækja sé háttað og hvort starfsemi sé í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárlagaálag og annarra laga, fyrirmæla eða samninga.

Alþingi hefur nú samþykkt voráætlun.

Við mótun frumvarps til fjárlaga er ríkisstjórnin bundin af þeim útgjöldarömmum fyrir málefna sviðin 34 sem Alþingi samþykkti með voráætlun.

Lokafrágangur fjárlagafrumvarps fer fram í ágúst.



Ríkisreikningur

Ríkisreikningur inniheldur ársreikning ríkissjóðs í heild og ársreikninga einstakra ríkisaðila. Í ríkisreikningi er m.a. gerð grein fyrir fjárhagslegum niðurstöðum af starfsemi ríkisins á liðnu fjárlagaári, þ.m.t. tekjum, gjöldum, eignum og skuldum ríkissjóðs. Jafnframt geymir ríkisreikningur ítarleg yfirlit um niðurstöður einstakra útgjaldaliða í samanburði við þær fjárheimildir sem samþykktar hafa verið af Alþingi.



Stjórnvöld

Stjórnvöld gera hlé á vinnu við fjárlagafrumvarp vegna sumarleyfa.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Ráðuneytið leggur lokahönd á gerð fjárlagafrumvarps fyrir komandi fjárlagaár.

Júlí



Ágúst

Vinna við gerð fjárlagafrumvarps liggur niðri í júlí sem er hefðbundinn sumarleyfismánuður.

Eftir sumarleyfi hefst vinna við lokafrágang fjárlagafrumvarps sem felst meðal annars í almennum yfirllestri og öðrum frágangi frumvarpsins.





Fjármála- og efnahagráðherra

Ráðherra fjármála leggur fjárlagafrumvarp fyrir Alþingi.

Alþingi

Alþingi fjallar um fjárlagafrumvarp, tillögur þess og forsendur, svo sem um markmið og aðgerðir.

Þingmenn geta lagt fram tillögur um breytingar á efni frumvarpsins, til dæmis til hækkunar eða lækkunar á útgjöldum málefna sviða og málaflokka.

Eftir fyrstu umræðu fer fjárlaganefnd yfir frumvarpið. Nefndin semur álit um frumvarpið og getur gert tillögur um breytingar á því, ýmist á gjalda- eða tekjuhlíð.

Ráðuneyti

Ráðuneyti svara fyrirspurnum nefnda Alþingis um forsendur og efni fjárlagafrumvarps.

September



Október

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi þegar það kemur saman. Í samræmi við þetta leggur fjármála- og efnahagsráðherra fjárlagafrumvarp fram á Alþingi fyrir næsta fjárhagsár. Í frumvarpinu er leitað heimilda til útgjalda fyrir alls 34 málefna svið, yfir 100 málaflokka og til hvers konar skuldbindinga A-hluta ríkissjóðs.

Í fjárlagafrumvarpi skal setja fram áætlun um tekjur A-hluta ríkissjóðs. Áætlunin skal byggð á opinberum þjóðhagsspám, gildandi lögum og eftir atvikum á tengdum frumvörpum sem lögð eru fram samhliða fjárlagafrumvarpinu. Eftir því sem kostur er, skal ljúka afgreiðslu slíkra frumvarpa áður en gengið er til lokaatkvæðagreiðslu um fjárlagafrumvarpið. Þetta er mikilvægt svo ekki leiki vafi á forsendum frumvarpsins og jafnvægi tekna og gjalda þess.

Fjárlagafrumvarp er jafnan afgreitt í desember.

Fjárveitingar til stofnana og verkefna eru sýndar í sérstöku fylgiriti með frumvarpi til fjárlaga og með fjárlögum eftir að þau hafa verið samþykkt.

Fjárlagafrumvarp

Fjárlagafrumvarpið sýnir tillögur ríkisstjórnarinnar um tekjur og útgjöld ríkissjóðs á komandi fjárlagaári. Frumvarpið er lagt fyrir Alþingi í september ár hvert.

Fjárheimild

Er tilgreind fjárhæð í fjárlögum sem Alþingi hefur ákveðið að megi ráðstafa á tilteknu fjárlagaári til málefna sviða og málaflokka.

Hámark útgjalda málefna sviða – útgjaldabak voráætlunar

Í voráætlun hvers árs er sett útgjaldabak eða útgjaldarammi fyrir hvert málefna svið næstu fimm ár. Hér er átt við áætlun um hámark þeirra fjármuna sem ríkisstjórn er heimilt að ráðstafa til starfsemi á hverju málefna sviði.

Endanleg ákvörðun Alþingis um ráðstöfun fjár til málaflokka fyrir eitt ár í senn kemur fram í fjárlögum og nefnist þá fjárheimild.

Útgjaldarammar málefna sviða gera m.a. ráð fyrir ráðstöfun fjár til svokallaðra varasjóða málaflokka til að bregðast við frávikum eða ófyrirséðum útgjöldum.

Starfsemi og verkefni ríkisins

Starfsemi og verkefni ríkisins flokkast í þrjú hluta:

A-hluti: Til A-hluta telst starfsemi og verkefni sem eru fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum.

B-hluti: Til B-hluta teljast fyrirtæki og lánastofnanir sem eru undir beinni stjórn ríkisins og rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs. Þessir aðilar starfa á markaði og standa að mestum hluta undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

C-hluti: Til C-hluta teljast sameignarfélag og hlutafélag í meirihluta eigu ríkisins. Til C-hlutans telst einnig Seðlabanki Íslands.

Málaflokkar

Í fjárlagafrumvarpi er sýnd skipting útgjalda til málefna sviða og málaflokka. Tilgangur þess er að draga betur saman eðlisskyld verkefni sem falla undir tiltekin málefna svið.

Fjárveiting

Er tilgreind fjárhæð í fylgiriti með fjárlögum sem sýnir ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til stofnana og verkefna.

Alþingi

Alþingi fjallar áfram um fjárlagafrumvarp og tillögur um breytingar á því.

Stjórnvöld

Ráðuneyti og ríkisstofnanir leggja lokahönd á gerð þriggja ára áætlana stofnana, sem svo eru staðfestar af hlutaðeigandi ráðherra.

Ársáætlanir stofnana skulu byggja á markmiðum þeirra til þriggja ára og vera í samræmi við þá stefnu sem mörkuð hefur verið fyrir hlutaðeigandi málefnasvið.

Alþingi

Alþingi samþykkir frumvarp til fjárlaga.

Ráðuneyti

Ráðuneyti staðfesta ársáætlanir stofnana (rekstraráætlanir) fyrir næsta ár.

Nóvember



Desember


Alþingi fjallar um frumvarp til fjárlaga við þrjár umræður. Þingið ræðir forsendur fyrir útgjöldum málefnasviða, ráðstöfun fjárheimilda til málaflokka og þær áherslur sem koma fram í frumvarpinu um starfsemi hvers málaflokks. Samhliða þessu ræðir þingið forsendur fyrir skattastefnu ríkisins og tekjuöflun þess. Milli umræðna fer fjárlaganefnd yfir fjárlagafrumvarpið og leggur fram tillögur til breytinga, eftir atvikum.

Alþingi samþykkir fjárlög fyrir ríkissjóð.

Innan tveggja vikna frá því að fjárlög hafa verið samþykkt á Alþingi er **fylgirit fjárlaga** uppfært í samræmi við breytingar þingsins á fjárlagafrumvarpi og áherslur í því ljósi.

Í **ársáætlun** hvernar stofnunar (rekstraráætlun) er rekstur lagaður að fjárveitingum fyrir næsta ár í samræmi við fylgirit fjárlaga. Ársáætlun sýnir áætlaða dreifingu útgjalda og tekna innan ársins á grunni settra markmiða og mælikvarða sem beita skal við mat á árangri í starfsemi stofnunar.

Hlutverk stjórnvalda er að sjá til þess að þær ráðstafanir, sem fjárlög fela í sér, séu gerðar á tilskildum tíma og á sem hagkvæmasta hátt. Liður í því er vandaður undirbúningur áætlana fyrir stofnanir og verkefni og **virkt eftirlit** ráðuneyta með stjórn og ráðstöfun opinbers fjár. Almenn er talað um framkvæmd fjárlaga í því ljósi.



Í desember hafa ráðuneyti þegar hafið vinnu við undirbúning að nýju fjárlagaferli, þ.e. gerð næstu voráætlunar og fjárlagafrumvarps á grundvelli þess. Við höfum nú farið allan hringinn.

	Stjórnvöld*	Alþingi	Stofnanir
Janúar	Stjórnvöld fjalla um framtíðarhorfur í fjármálum ríkis og sveitarfélaga. Í því ljósi meta stjórnvöld æskilegar áherslur við hagstjórn.		
Febrúar	Ríkisstjórn skilgreinir nánar hagstjórnarleg markmið og aðrar forsendur fjármálaáætlunar (voráætlunar), s.s. markmið um afkomu og efnahag ríkis og sveitarfélaga, tekjustefnu ríkisins og nauðsynlegar ráðstafanir. Ráðuneyti móta tillögur um skiptingu útgjalda til málefnasviða. Ríkisstjórn ákveður heildarútgjöld (ramma) allra málefnasviða.		Stofnanir ganga frá ársskýrslu fyrir síðasta fjárhagsár og miðla upplýsingum til ráðuneyta sem varða fjárlagaferlið.
Mars	Fjármála- og efnahagsráðuneyti leggur lokahönd á efni og framsetningu voráætlunar.		
Apríl	Voráætlun lögð fram á Alþingi. Fjárlagagerð ráðuneyta heldur áfram s.s. með tilliti til skiptingar útgjalda milli málaflokka.	Alþingi ræðir þingsályktun um fjármálaáætlun (voráætlun) til fimm ára.	
Maí	Ráðuneyti ákveða skiptingu fjárheimilda milli málaflokka og miðla ýmsum fjarhagsupplýsingum til fjármála- og efnahagsráðuneytis. Eftir að ríkisreikningur er birtur fjallar Alþingi um frumvarp honum til staðfestingar.	Alþingi samþykkir fjármálaáætlun (voráætlun) til næstu fimm ára.	Ríkisreikningur er birtur (maí/júní). Ríkisendurskoðun kynnir niðurstöður fjárhagsendurskoðunar (maí/júní).
Júní	Ársskýrslur ráðherra eru birtar. Fjármála- og efnahagsráðuneyti vinnur að lokafrágangi talnahluta fjárlagafrumvarps. Ríkisstjórn afgreiðir fjárlagafrumvarp.		
Júlí	Vinna við fjárlagagerð liggur niðri vegna sumarleyfa.		
Ágúst	Fjármála- og efnahagsráðuneyti yfirfer lokadrög fjárlagafrumvarps og undirbýr prentun og frágang þess.		
September	Fjármála- og efnahagsráðherra leggur fjárlagafrumvarp fram á Alþingi.		
Október	Ráðuneyti svara fyrirspurnum nefnda Alþingis um forsendur og efni fjárlagafrumvarps.	Alþingi ræðir efni fjárlagafrumvarps og breytingar á því.	Stofnanir leggja fram þriggja ára áætlanir um starfsemi og rekstur.
Nóvember	Ráðuneyti staðfesta þriggja ára áætlanir stofnana.	Alþingi fjallar áfram um fjárlagafrumvarp.	Stofnanir leggja fram ársáætlanir um starfsemi og rekstur (rekstraráætlanir).
Desember	Ráðuneyti staðfesta ársáætlanir (rekstraráætlanir) stofnana.	Alþingi samþykkir fjárlög ríkisins fyrir næsta fjárlagaár.	

*Hugtakið stjórnvöld er í þessum bæklingi skilgreint á rúman hátt og vísar ýmist til verkefna og ákvarðana ríkis, sveitarfélaga, ríkisstjórnar eða ráðuneyta.

Nokkur hugtök

Afkoma

- Jöfnuður tekna og gjalda.

Fjármálastefna

- Stefna ríkisstjórnar sem lögð er fram á Alþingi um almenn markmið í opinberum fjármálum til eigi skemmri tíma en fimm ára.

Fjármálaáætlun (voráætlun)

- Áætlun ríkisstjórnar sem lögð er fram á Alþingi hvert vor. Áætlunin felur í sér greiningu á stöðu efnahagsmála, markmið um þróun fjármála ríkis og sveitarfélaga, ráðstöfun útgjalda ríkisins til málefnasviða og umfjöllun um hvernig markmiðum áætlunarinnar verði náð. Voráætlun byggir á fjármálastefnu.

Fjárlagafrumvarp

- Frumvarp sem fjármála- og efnahagsráðherra leggur árlega fram á Alþingi um fjárlög fyrir næsta ár. Fjárlagafrumvarp sýnir áætlanir um tekjur ríkissjóðs og í því er leitað heimilda til útgjalda eftir málefnasviðum og málaflokkum og til hvers konar skuldbindinga A-hluta ríkissjóðs.

Fjárlög

- Samkvæmt stjórnarskránni má ekki greiða neitt gjald úr ríkissjóði nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáráaukalögum. Með samþykkt fjárlaga hefur Alþingi staðfest tekjuöflun ríkisins og skiptingu útgjaldaheimilda á komandi ári.

Fjárheimild

- Tilgreind fjárhæð í fjárlögum sem Alþingi hefur ákveðið að megi ráðstafa á tilteknu fjárlagaári til málefnasviða og málaflokka.

Fjárveiting

- Tilgreind fjárhæð í fylgiriti með fjárlögum sem sýnir ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til stofnana og verkefna.

Málefnasvið

- Svið eðlisskyldra málaflokka sem skilgreint er á grunni staðals Sameinuðu þjóðanna um flokkun gjalda.

Málaflokkar

- Flokkun eðlisskyldra stjórnarmálefna sem falla undir tiltekið málefnasvið.

Opinber fjármál

- Fjármál ríkis og sveitarfélaga og stofnana þeirra, svo og sjóða og fyrirtækja sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkis eða sveitarfélaga.

Verkefni

- Skilgreint og afmarkað verkefni sem fjármunum er ráðstafað til með fjárveitingu ráðherra og sem ekki varðar ráðstöfun til stofnunar.

